

Sp.

13. Tillaga til þingsályktunar

[13. mál]

um að lýsa hálandi landsins og óbyggðir alþjóðareign o. fl.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson,
Stefán Gunnlaugsson, Pétur Pétursson, Sigurður E. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum, og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari verði m. a. athugað:

1. Að lýsa allt hálandi landsins og óbyggðir alþjóðareign, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, og hvernig kveða megi á, svo að glögg sé, um mörk þessarar ríkiseignar.
2. Að öll not afrétta, sem ekki eru í einkaeign, skuli teljast réttindi viðkomandi sveitarfélaga, eins og þau yrðu nánar skilgreind.
3. Hvort veiði- og fiskræktarréttur í stöðuvötnum og fallvötnum í byggðum skuli ekki fremur bundinn viðkomandi sveitarfélögum en einkaeigendum jarða.
4. Hver mörk skuli setja milli eignarráða ríkis og réttinda annarra eigenda fallvatna, t. d. varðandi virkjanir, þegar árekstrar verða milli einkanota og almenningsnota.
5. Hver eignarmörk ríkið skuli hafa yfir jarðhita og hve djúpt í jörð eignarréttur jarðeigenda á honum skuli ná.
6. Hvort verðmæti í jörðu, á landi eða landgrunni, er finnst fyrir atbeina ríkisins, skuli ekki teljast ríkiseign og háð valdi ríkisins, hvernig unnin verði og farið með.

Greinargerð.

Með síauknum afnotum og umferð um hálendi landsins verður æ nauðsynlegra að setja skýr ákvæði um eignarrétt á því svo sem öðrum óbyggðum, sem þó teljast ekki beinlínis til hálendis. Liggur þá beinast við, að það sé lögtekið í eitt skipti fyrir öll, að slíkt land sé rikiseign, ef önnur eignarheimild liggur ekki skýlaust fyrir. Gæti slík ákvörðun, ef tekin væri nú, forðað ýmiss konar árekstrum síðar.

Það er alkunna, að vaxandi ágreinings gætir um eignarráð og eignarréttindi yfir ýmsum gæðum landsins, svo sem veiðirétti, fiskræktarrétti, virkjunarrétti, jarðhita- og námurétti o. fl. Virðist því mál til komið, að sett verði skýr og afdráttarlaus lög um þessi mál, en þá eðlilegt, að ýmislegt verði tekið til endurmats, svo sem það, hvort aðild og réttur sveitarfélaga skuli ekki vaxa, en einkaeigendum markaður þrengri bás, þannig að heildarhagur sé rétthærri einkahag, en sveitarfélag hafi fremur afraksturinn af veiðía og veiðivatni en ákveðnir veiðibændur, einnig að skorður verði við því reistar, að einkafjármagn geti keypt slík hlunnindi upp alþýðu manna á viðkomandi svæði til óhagræðis eða fáir landeigendur geti takmörkunarlaust hindrað virkjunarafnot til almenningsþarfa í fallvötnum. Um þessi réttindi og skyldur þurfa að vera skýr lagaákvæði á báða bóga. Innan þeirra marka fellur og náttúruverndin, sem að sjálfsögðu ber vel að gæta, en líka hins, að hún gangi ekki út í öfgar.

Það hefur á síðustu árum orðið öllum ljóst, að mannkynið hefur þegar spillt stórum landssvæðum og mengað vatn og loft, svo að jörðin verður eftir nokkrar kynslóðir óbyggileg, ef ekki verður spyrnt við fæti hið bráðasta. Óspillt land, ómengað loft og vatn eru nú talin til hinna verðmætustu eigna hverrar þjóðar. Í þeim skilningi eru Íslendingar enn blessunarlega auðugir, en verða þó að gæta fyllstu varúðar til að varðveita þau gæði, jafnframt því sem þeir nýta auðlindir sínar á skynsamlegan hátt.

Samfara vaxandi skilningi á þessum staðreyndum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi, að sem mest af landinu, ekki aðeins hálendi og óbyggðir, vötn og ár, heldur og af byggilegu landi, eigi að vera þjóðareign. Einkaeign slíkra auðæfa og brask með þau er þekkt í öðrum löndum og hefur þegar gerzt í of miklum mæli hér á landi. Það er eitt stærsta óleysta verkefni í íslenskri löggjöf að koma þessum málum í betra horf en verið hefur og stefna nýrri löggjöf í þá átt, sem hér er lagt til.

Bragi Sigurjónsson flutti tillögu þessa á síðasta þingi, en hún varð ekki útrædd. Þó hefur hún vakið athygli, og þingflokki Alþýðuflokksins hafa borizt áskoranir um að flytja málið á nýjan leik. Er það hér með gert með smávægilegum breytingum.